

**181. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. júlí 2020, í Stykkishólmi**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Fundur haldinn að lokinni vettvangsferð um Breiðafjörð. Lagt var af stað með Breiðafjarðarferjunni Særúnu úr Stykkishólshöfn kl. 9. Með í för voru nefndarmenn, umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt fylgdarliði, fulltrúar sveitarfélaganna sem að firðinum liggja (fulltrúar Vesturbyggðar voru forfallaðir), fulltrúar Fornleifastofnunar Íslands og fulltrúar Umhverfisstofnunar. Fyrsta stopp var í Bjarneyjum þar sem Ásgeir Gunnar Jónsson sá um leiðsögn og þakkar nefndin honum kærlega fyrir fróðleikinn. Því næst var haldið í Drápssker þar sem tækifæri gafst á því að baða sig í heitum uppsprettum. Nefndin þakkar samferðamönnum kærlega fyrir fróðlegan og skemmtilegan dag.

Formaður setti fund kl. 17:10.

**Fundargerð 180. fundar**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**Erindi frá Reykhólahrepp: Verkefnislýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018, umsagnarbeiðni.**

**Afgreiðsla:**

Í lýsinguna vantar ítarlegri upplýsingar um vernd Breiðafjarðar og verndarsvæðið. Óskað eftir frekari athugasemdum frá nefndarmönnum í tölvupósti ef einhverjar eru.

**Erindi frá Umhverfisstofnun: Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul.**

Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við endurskoðun og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul en gildandi áætlun rennur út í ár. Áætlunin mun verða stefnumótandi skjal þar sem sett verða fram markmið til að viðhalda verndargildi svæðisins.

**Afgreiðsla:**

Lagt fram til kynningar.

**Frá Rannsóknasetri HÍ á Vestfjörðum: Búsvæðanotkun fiskseiða, lokaskýrsla vegna styrkts verkefnis.**

**Afgreiðsla:**

Lagt fram til kynningar.

**Næsti fundur:**



Fjarfundur áætlaður um miðjan ágúst.

**Fundi slitið kl. 17:30**